# Salur og Veisluþjónusta í Kaffi Laugalæk

Kaffi Laugalækur býður uppá leigu á sal og aðstöðu fyrir hópa í huggulegu umhverfi. Einnig er hægt að fá mat til að hafa í veislu utan kaffihússins. Við erum fjölskylduvænt kaffihús, veitingastaður og bar í Laugardal. Bjóðum uppá hollan heimilismat, súrdeigsflatbökur, bakkelsi, kaffi, bjóra, vín og fleira. Við notum hráefni í hæsta gæðaflokki beint frá býli eins og hægt er og sama á við um kaffibaunirnar sem eru í hærri gæðaflokki en býðst annars staðar. Súrdeigið og kökurnar er bakað á staðnum af bakarameistara. Fjölbreytt úrval af tei, bjórum, léttvínum og fleirum veigum. Næg bílastæði eru við Laugalæk, gott aðgengi með strætó eða um 2 km ganga í miðbæinn.

Hópar geta fengið afmarkað rými til notkunar gegn leigu eða kaupum á veitingum. Vinsælast er að fá galleríið okkar en einnig er hægt að fá veitingasalinn og í einstaka tilfellum er hægt að leigja allan staðinn.[1]

| Tilefni | Tími dags | Kostnaður |
|---|---|---|
| | **Heppilegustu tímar** | |
| **Fundir** | ● Morgun til kl. 11 / 11.30<br>● Kvöld frá kl. 20.30 | Litlir fundir kaupa veitingar fyrir lágmark 650 krónur á mann. Ath salur er ekki lokaður af frá öðrum viðskiptavinum |
| **Einkasamkvæmi** | ● Morgun til kl. 11<br>● Kvöld frá kl. 20.15 | Til að loka sal eru veitingar keyptar fyrir lágmark 60 þkr fyrir Gallerí eða 120 þkr fyrir Veitingasal. Í einstaka tilfellum er hægt að loka öllum staðnum en þá er miðað við 250 þkr lágmark |
| **Barnaafmæli** | ● Eftirmiðdagur kl. 15-18 á virkum dögum<br>● Morgnar kl. 10-12 um helgar | Hægt að panta öll borðin í Galleríinu hjá barnahorninu en allajafna er salurinn þó ekki lokaður af og aðrir gestir geta notað barnahornið. Kostar 60 þkr, innifalið kökur og drykkir fyrir börn og fullorðna |

## Yfirlitsmynd af Kaffi Laugalæk




[1] Verðskrá í gildi 2019-2020. Síðast uppfært 21/10/2019

| Salur | Hámarksfjöldi | | | Aðrir eiginleikar |
|---|---|---|---|---|
| | Sitjandi við borð | Sitjandi án borðs | Standandi | |
| **Gallerí** | 25 | 40 | 60 | ● 40-65 m2<br>● Skjávarpa tjald<br>● Hægt að loka af með tjaldi |
| **Veitingasalur** | 50 | 60 | 60 | ● 55 m2<br>● Stórt sjónvarp<br>● Hægt að loka af með tjaldi |
| **Allur staðurinn** | 75 | 100 | 120 | ● 120 m2<br>● Stórir gluggar með gluggatjöldum |

Ath:

- Leyfum ekki utanaðkomandi mat eða drykki
- Mánudags- og sunnudagskvöld er stundum hægt að semja um sérstaklega
- Önnur viðmið geta átt við fyrir góðgerðarsamtök og álíka

Tæki: Skjávarpi með tjaldi eða sjónvarp, hljóðkerfi ásamt interneti eru til staðar. Gjald fyrir notkun á skjávarpa, sjónvarpi eða hljóðkerfi er 5.000 kr.

Opnunartími: Opið frá morgni til kvölds alla daga. Hópar geta verið hjá okkur frá kl. 8 á morgnana til kl. 23 en um helgar er hægt að hafa opið til kl. 1 um nóttina. Við opnum þó einungis snemma á morgnana eða höfum opið lengur ef verslað er umfram lágmarksupphæð. Hópar sem eru ekki í mat hjá okkur geta allajafna einungis fengið borð utan matmálstíma eða í kaffitíma mánudag til miðvikudags.

Greiðsluskilmálar fyrir viðburði Staðfestingargreiðsla er helmingur og greidd við pöntun. Staðfestingargreiðsla fæst allajafna ekki endurgreidd þótt hætt sé við. Hinn helmingurinn er greiddur a.m.k. tveim dögum fyrir viðburðinn.

Pantanir: Hefðbundnar borðapantanir á www.laekur.is eða fyrir sérstök tilefni á kaffi@laekur.is

## Súpa og brauð til að taka með í veislu

Við búum til yndislegar súpur frá grunni, með súrdeigsbrauði og einnig hægt að fá salat með. Súpan afhendist köld til upphitunar.

- Miðað er við 450 ml á mann og kostar 1.200 kr á mann þegar keypt er fyrir 20 manns fleiri, með salati er verðið 1.400 kr á mann
- Smjör fylgir ekki með
- Pantgjald 5.000 kr greiðist fyrir tunnu og ílát undir brauð sem er endurgreitt þegar ílátum er skilað
- Panta þarf að lágmarki með tveggja daga fyrirvara

## Kökur til að taka með heim

- Hægt er að kaupa heilar heimabakaðar kökur með 12 sneiðum súkkulaði eða gulróta á 7.990 kr. Panta þarf með tveggja daga fyrirvara og rjómi fylgir því miður ekki með.